

Þer því að fallast á kröfur stefnanda að öllu leyti, enda eigi rök til þess, að skipherrar Landhelgisgæslu njóti eigi sömu kjara hvar sem þeir starfa, um lengri eða skemmri tíma.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt að fallast á kröfu stefnanda um málskostnað úr hendi stefnda, sem ákveðst kr. 30.000,00.

D ó m s o r ð:

Stefndu, dómsmálaráðherra f.h. Landhelgisgæslu Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, er skylt að greiða þeim skipherrum, sem starfa hjá stefndu í stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands, fæðispeninga skv. gr. 9.1.1. í kjarasamningi aðila og neyslufriðaga skv. gr. 8.7.2. í kjarasamningi aðila.

Stefndu greiði stefnanda kr. 30.000,00 í málskostnað.

Aðfararfrestur er 15 dagar.

Nr. 10/1986. Fimmtudaginn 19. mars 1987.

**Félag bókgærdarmanna  
vegna Hilmars Bernburg**

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands  
f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins  
vegna Ísafoldarprentsmiðju h/f**

(Kristján Þorbergsson cand.jur.).

Veikindalaun. Bókgærdarmenn. Sératkvæði.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 3. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 28. nóvember 1986 og þingfestri 16. desember s. á.

Stefnandi er Félag bókagerðarmanna vegna Hilmar Bernburg, félagsmanns í félaginu, Melgerði 23, Reykjavík.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins vegna Ísafoldarprentsmiðju h/f, Þingholtsstræti 5, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Að dæmt verði, að skilja beri grein 6.2.5. í kjarasamningi aðila svo, að með 10 vikna viðmiðun, hvað varðar aukavinnukaup í veikindum, sé átt við 10 virkar vinnuvikur, þegar starfsemi er í gangi, en ekki þann tíma, þegar um verkfall er að ræða.
2. Að stefndi verði dæmur til að greiða í skaðabætur kr. 3.918,20 með 19% ársvöxtum frá 1.12. 1984 til 1.1. 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.2. 1985, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1985, með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1985, með 3,5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1985, með 3,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, með 2,25% dráttarvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til grundvallar skaðabótakröfu liggur tjón Hilmar Bernburg vegna túlkunar stefnda á umræddu ákvæði kjarasamnings.

Stefnandi krefst og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

#### I.

Stefnandi kveður tilefni þessarar málshöfðunar vera, að í grein 6.2.5. í kjarasamningi aðila frá 22. október 1984 segi eftirfarandi:

„Starfsmaður, sem rétt á til greiðslna skv. þessari grein, sbr. gr. 6.2.1. - 6.2.4., skal fá greidda aukavinnu sem hér segir:

Aukavinnukaup reiknast allt að 2 klst. á dagvinnudag, að hámarki 10 klst. á viku, ef aukavinna hans sl. 10 vikur, áður en veikindi eða slys bar að höndum, nær því meðaltali. Sé meðaltal aukavinnunnar undir þessu hámarki, ræður meðaltal eins og það er í reynd. Ná starfstími ekki 10 vikum, sbr. gr. 6.2.1., skal meðaltal reiknað frá upphafi starfstíma.“

Ákvæði þetta er óbreytt frá eldra samningi.

Stefnandi kveður málavexti þá, að Hilmar Bernburg, sem hafi verið starfsmaður Ísafoldarprentsmiðju h/f, hafi verið veikur og óvinnufær skv. læknisvottorði frá og með 21. október 1984 til og

með 21. nóvember s.á. Hann hafði þá verið fastráðinn hjá fyrirtækinu hátt í 9 ár og naut því fulls veikindaréttar skv. 6. kafla kjarasamnings aðila frá 22. október 1984.

Verkfall Félags bókagerðarmanna haustið 1984 stóð frá og með 10. september til og með 22. október, svo að fyrsti vinnudagur eftir verkfallið var 23. október. Verkfall þetta stóð því 6 undanfarandi vikur, áður en Hilmar forfallaðist vegna veikinda.

Um veikindarétt Hilmars segir í gr. 6.2.4. í 6. kafla kjarasamnings, að fastur starfsmaður, sem ráðinn hefur verið hjá sama atvinnurekanda í 5 ár samfelld, skuli, ef hann forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa, njóta dagvinnulauna í allt að 3 mánuði og auk þess greiðslna vegna aukavinnu í allt að 7 vikur skv. fyrir-mælum í gr. 6.2.5., en um túlkun á þeirri grein sé ágreiningur. Samkvæmt gr. 6.2.5. skyldi Hilmar njóta tveggja klst. á hvern dagvinnudag, að hámarki 10 klst. á viku, að auki í forfallalaun, en greininni sé ætlað að bæta mönnum þá aukavinnu, sem þeir kunna að missa í forföllum, þ.e.a.s. staðgengilsregla sé byggð á meðaltali 10 síðustu vikna, áður en veikindi bar að höndum.

Ágreiningurinn í máli þessu sé um það, hvaða 10 vikur skuli leggja til grundvallar túlkun á 2. mgr. í gr. 6.2.5. kjarasamningsins. Stefnandi heldur því fram, að hér sé átt við virkar vinnuvikur, enda verði hinu raunverulega meðaltali yfirvinnu ekki náð, nema miðað sé við virkan vinnutíma. Stefndi sé hins vegar þeirrar skoðunar, að miða beri við 10 síðustu vikur fyrir veikindi, eins og vikurnar kæmi fyrir á dagatalinu, án tillits til þess hvort unnið var í prentsmiðjunni þann tíma eða ekki. Í þessu tilfelli vilji stefndi leggja til grundvallar þær 6 vikur, sem engin starfsemi hafi farið fram í Ísafoldarprentsmiðju h/f vegna verkfalla, en þá lækki meðaltalsyfirvinna og þar með veikindalaun Hilmars Bernburg verulega, eða sem nemi skaðabótakröfunni.

Rök stefnanda fyrir kröfunni séu einkum þau, að í fyrsta lagi hafi umrædd regla komið í samninga aðila í stað staðgengilsreglunnar, en menn megi ekki vera lakar settir en ef hún hefði verið notuð. Meginregla íslensks réttar sé, að launþegar skuli njóta óskertra launa fyrstu vikur veikindaforfalla og einskis í missa í launum sínum. Þess vegna verði að miða við, að starfsemi sé í prentsmiðjunni, en ekki verkfall þann viðmiðunartíma, sem um sé að ræða; í öðru lagi, að verkfall sé ekki metið sem vinnutími, þegar

reiknað sé út orlof og þegar um atvinnuleysisbætur sé að ræða. Á verkfallstíma liggi starfsemi niðri og ráðningarsamningur sé „frystur“ og liggi niðri, og hann sé óvirkur þann tíma. Í þriðja lagi bendi stefnandi á, að túlkun stefnda væri mjög óeðlileg og sé í raun ekki bókstafstúlkun, þar sem texti greinarinnar beri þess augljós merki, að átt sé við eðlilega óhindraða starfsemi í prentsmiðjunni. Túlkun stefnda myndi leiða til þess, að starfsmaður, sem kemur til starfa að loknu löngu verkfalli og veikist, sé með lægri laun í veikindum sínum en þeir, sem starfandi eru á sama tíma.

## II.

Stefndi styður sýknukröfu sína með því að benda á, að framkvæmd hans á útreikningi veikindalaunanna, sem um sé deilt í málinu, sé í samræmi við afdráttarlaus og skýr fyrirmæli gr. 6.2.5. í kjarasamningnum. Þar sé lagt fyrir, að til grundvallar skuli leggja aukavinnu hlutaðeigandi síðastliðnar 10 vikur, áður en veikindi bar að höndum. Skýrt sé þannig kveðið á um það, að telja skuli 10 vikur aftur í tímann frá upphafsdegi veikindanna. Stefnandi krefjist þess hins vegar, að greinin verði túlkuð gegn afdráttarlausri orðan sinni. Hann krefjist viðurkenningardóms á túlkun, sem ekki samræmist ákvarðandi skýringu ákvæðisins eða skýringu skv. orðanna hljóðan. Meginregla sé bæði við skýringu laga og samninga, að hlíta beri orðalagi, ef það er ótvírætt, nema veigamikil lagasjónarmið leiði til annars. Stefnandi hafi ekki borið neitt fram, sem réttlæti túlkun hans. Orðið „vika“ sé algengt í mæltu máli og sé mikið notað og hafi verið skilgreint í dómum Hæstaréttar, og það merki 7 daga tímabil. Hið eina, sem stefnandi hafi reynt að réttlæta skilning sinn með, sé, að um verkfall hafi verið að ræða í 6 vikur af þessu 10 vikna tímabili. En verkfall Félags bókagerðarmanna geti ekki réttlætt, að vikið sé frá auðskiljanlegu og afdráttarlausu orðalagi ákvæðisins. Félagið, stefnandi máls þessa, hafi sett menn í þetta verkfall og ráðið því, og þetta verkfall sé ekki neins konar lagasjónarmið, sem réttlæti frávík frá skýru orðalagi.

Stefndi bendir og á, að yfirvinnugreiðsluákvæðið í gr. 6.2.5. hafi komið í stað svonefndrar staðgengilsreglu í lögum nr. 19/1979. Samningsaðilar hafi samið sig frá henni og tekið upp þessa skýru og afdráttarlausu reglu í gr. 6.2.5., þar sem einföld reikniformúla sé sett fyrir því, hvernig greiða skuli aukavinnu í veikindum. Það sé tímabilið, sem launþegar í prentiðnaði njóti yfirvinnugreiðslna

skv. þessu ákvæði öllu lengur en lög nr. 19/1979 mæli fyrir um greiðslu staðgengilslauna, þ.e. sjö vikur á móti einum mánuði.

Stefndi telur það meginreglu að telja verkfallstíma til starfstíma, þ.e. ráðningartíma, og bendir á 1. gr. laga nr. 19/1979, sem telur fjarvistir frá vinnu, m.a. vegna verkfalla, til starfstíma hvað varðar innvinnslu veikindaréttinda. Í kjarasamningum hafi verið tekið mið af þeirri reglu varðandi innvinnslu starfsaldursréttinda. Frávik frá þessari almennu reglu sé, að menn innvinni sér ekki orlofsrétt í verkfalli, eins og stefnandi bendi á.

Stefndi mótmælir sérstaklega skaðabótakröfu stefnanda og bendir á, að hún sé í raun vinnulaunakrafa, sem Félagsdómur eigi ekki dómssvald um, enda sé henni tölulega andmælt.

### III.

Ágreiningslaust er með aðilum, að kjarasamningsákvæðið nr. 6.2.5. um aukavinnukaup í veikindum hafi komið í stað svonefndrar staðgengilsreglu í lögum nr. 19/1979. Í ákvæði þessu felist meðaltalsregla, sem miðast við aukavinnu starfsmannsins „s.l. 10 vikur, áður en veikindi eða slys bar að höndum“.

Eigi kemur það afdráttarlaust fram í ákvæðinu, hvort heldur er átt við almanaksvikur eða vinnuvikur.

Tilgangur meðaltalsreglunnar hlýtur meðal annars að vera sá að finna sanngjarnan mælikvarða á tilfallandi aukavinnu, sem hindri þær sveiflur, er staðgengilsreglan samkvæmt lögum nr. 19/1979 getur haft í för með sér. Nýafstaðin verkföll hafa ekki áhrif á aukavinnulaunagreiðslur í forföllum samkvæmt staðgengilsreglunni, en samningsákvæði 6.5.2. var einmitt ætlað að koma í stað þessarar reglu.

Af framangreindum ástæðum er ekki unnt að fella undir tíu vikna tímabilið og nota við meðaltalsreikning þær vikur, sem verkfallið stóð yfir, en þá var engin vinna innt af hendi og starfsmennirnir launalausir. Þá var heldur enginn kjarasamningur í gildi milli málsaðila og þar með talið samningsákvæðið um aukavinnugreiðslur í veikindaforföllum, og er það ágreiningslaust með aðilum.

Samkvæmt þessu ber að fallast á með stefnanda, að reikna skuli aukavinnugreiðslur til Hilmars Bernburg eftir meðaltali næstu tíu vikna fyrir upphaf verkfallsins, sem hófst 10. september 1984, en það er tímabilið frá og með 23. júlí 1984 til og með 9. september s.á.

Annar kröfuliður stefnanda varðar í raun vinnulaunakröfu Hilmars Bernburg, sem stefndi hefur andmælt tölulega. Þessi krafa

er ekki þess eðlis, að hún falli undir úrlausn Félagsdóms samkvæmt 1. og 2. lið 44. gr. laga nr. 80/1938, og dómurinn telur ekki ástæðu til að beita heimild þeirri, er felst í 3. lið sömu gr., og vísar því þessari fjárkröfu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Skilja ber ákvæði 6.2.5. í kjarasamningi aðila svo, að reikna skuli aukavinnugreiðslur til Hilmars Bernburg í veikindum hans eftir meðaltali næstu tíu vikna frá upphafi verkfallsins, sem hófst 10. september 1984.

Framangreindri fjárkröfu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

#### S é r a t k v æ ð i

##### Gunnars Guðmundssonar.

Ágreiningslaust er með aðilum, að fyrirkomulag á greiðslu yfirvinnu í veikindum skv. grein 6.2.5. í kjarasamningi aðila kemur í stað svonefndrar staðgengilsreglu samkvæmt lögum nr. 19/1979.

Þá er og á það að líta og ómótmælt af hálfu stefnanda, að heildarréttur bókagerðarmanna til greiðslu í veikindum er nokkuð rýmri en lög nr. 19/1979 kveða á um, og er þá átt við greiðslu launa í veikindum í lengri tíma, en á móti kemur hugsanlega minni réttur til greiðslu á yfirvinnu í veikindum.

Þegar þetta er virt og að við gerð ofangreinds ákvæðis í grein 6.2.5. mátti bókagerðarmönnum vera ljóst, að verkfallstími auk ýmissa annarra tilvika gæti fallið undir áður nefnt 10 vikna tímabil, sem tiltekið er í ákvæðinu, þykir af framangreindum ástæðum mega fallast á kröfur stefnda um sýknu með hliðsjón af því, hve orðalag ákvæðisins er afdráttarlaust.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Félags íslenska prentiðnaðarins vegna Ísafoldarprentsmiðju h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Félags bókagerðarmanna f.h. Hilmars Bernburg.

Málskostnaður fellur niður.

---